

## REGLUGERÐ

### um skipulagsmál á varnarsvæðum.

#### 1. gr.

Utanríkisráðherra skipar fimm manna nefnd, er fer með skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna, í samráði við varnarmáladeild.

Nefndin er skipuð þessum mönnum: Húsameistara ríkisins, skipulagsstjóra ríkisins, flugvallarstjóra Keflavíkurflugvallar, manni tilnefndum af varnarmáladeild, og manni skipuðum af utanríkisráðherra, og er hann jafnframt formaður nefndarinnar.

#### 2. gr.

Nefnd sú, er að framan greinir, og hér á eftir er nefnd bygginganefnd, skal fjalla um og gefa álit um öll skipulags- og byggingamál innan varnarsvæðanna, bæði að því er varðar varnarliðið og aðra aðila.

Varnarmáladeild skal afla upplýsinga um fyrirhugaðar byggingar og mannvirkjagerð varnarliðsins, svo og fyrirhugaða staðsetningu slíkra bygginga og mannvirkja, og leggja fyrir bygginganefnd. Aðrir aðilar skulu senda beiðnir sínar um leyfi til bygginga eða mannvirkjagerðar á varnarsvæðunum beint til bygginganefndar.

#### 3. gr.

Bygginganefnd skal halda fundi svo oft sem þörf er á. Mánaðarlega skal bygginganefnd halda sameiginlega fundi með yfirstjórn byggingamála varnarliðsins.

#### 4. gr.

Álitsgerðir sínar skal bygginganefnd senda utanríkisráðherra sem hefur endanlegt ákvörðunarvald í þessum málum.

Bygginganefnd skal gæta þess, að ákvæðum íslenskrar bygginga- og skipulagslöggjafar sé fylgt eftir því sem við á.

Áður en bygginganefnd afgreiðir mál skal hún, ef um er að ræða mál, sem varða skipulagsskyld svæði, er liggja að varnarsvæðunum, ætíð hafa samráð við skipulagsstjórn ríkisins, og fyrirsvarsmenn sveitarfélaga þeirra, sem hlut geta átt að.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 106 17. desember 1954 um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o.fl., sbr. auglýsingu um staðfestingu forseta Íslands á reglugerð um stjórnarráð Íslands nr. 96 31. desember 1969, sbr. og I. kafla skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast þegar gildi.

*Utanríkisráðuneytið, 15. mars 1982.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Hörður Helgason.*